

VSÓ RÁÐGJÖF



Íþróttamannvirki



Íþróttamannvirki

Nauðsyn hreyfingar og líkamsræktar er óumdeild. Fjöldi íþróttaiðkenda eykst ár hvert og fleiri og fjölbreyttari íþróttamannvirki munu því líta dagsins ljós í framtíðinni.

VSÓ Ráðgjöf hefur veitt ráðgjöf við gerð íþróttamannvirkja um árabíl. Meðal þeirra verka sem VSÓ hefur veitt þjónustu við eru knattspyrnuvelli af ýmsum gerðum, frjálsíþróttavelli, íþróttahús og sundlaugar.

Fjölbreytt ráðgjöf VSÓ felst í :

Áætlanagerð og ráðgjöf við undirbúning framkvæmda

Valkostir eru yfirfarnir með verkkaupa og lagt mat á hvaða lausnir uppfylli óskir hans m.t.t. gæða, kostnaðar og hagkvæmni.

Hönnun íþróttamannvirkja

Auk almennra krafna sem mannvirki skulu uppfylla eru gerðar sértækar kröfur til einstakra hluta íþróttamannvirkja sem hönnun þeirra þarf að taka mið af. Yfirborðsefni knattspyrnu- og frjálsíþróttavalla þurfa að upp-



fylla kröfur til gæða og eiginleika, ákveðið lágmarkspláss þarf að vera tryggt fyrir mannvirkni og kröfur eru gerðar til lýsingar þess. Upphitun yfirborðs er valkostur. Við gerð sundlauga eru gerðar strangar kröfur til dælu- og hreinsibúnaðar.

Útboð og verksamningar

Að hönnun lokinni er gengið frá útboðs- og verklýsingum, gerðar eru kostnaðaráætlanir á grundvelli magntalna.

Að loknu útboði eru tilboð yfirfarin og þau metin. Útbúinn er verksamningur fyrir verkið.

Eftirlit með framkvæmdum

Á framkvæmdatíma er haft eftirlit með mannvirkjagerðinni og tryggt að verkið sé unnið í samræmi við fyrirliggjandi útboðsgögn.

Ráðgjöf í rekstri íþróttamannvirkja

Hjá VSÓ Ráðgjöf hefur safnast mikil þekking á rekstri íþróttamannvirkja. Ráðgjöf okkar felst í greiningu rekstrarþátta og gerð rekstraráætlana fyrir íþróttamannvirki svo tryggja megi rekstrarhagvæmni þeirra.



Borgartúni 20, 105 Reykjavík, sími: 585 9000, fax: 585 9010, netfang: vso@vso.is, heimasíða: www.vso.is



Um fyrirtækið

VSÓ Ráðgjöf ehf. var stofnað árið 1958. Fyrirtækið starfaði upphaflega á sviði byggingarverkfræði en býður nú upp á alhliða verkfræðiráðgjöf með það að markmiði að tryggja viðskiptavinum sínum hagkvæmustu lausnir viðfangsefna hverju sinni. Frá upphafi hefur VSÓ að veitt ráðgjöf við gerð íþróttamannvirkja og rekstur þeirra og hefur tekið þátt í fjölbreyttum verkefnum á þessu sviði.

Upplýsingar um starfsemi VSÓ Ráðgjafar má finna á heimasíðu okkar www.vso.is